

Eystrahorn

23. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 16. júní 2022

www.eystrahorn.is

Sumarið í Vatnajökulsþjóðgarði

Fræðsludagskrá Vatnajökulsþjóðgarðs var birt nú á dögum. Í ár valdi starfsfólk þemað loftslagsbreytingar og mun það endurspeglast í fræðslugöngum sem boðið verður upp á vítt og breitt um þjóðgarðinn. Fræðslugöngur á suðursvæði verða í boði á tímabilinu 15. júní – 16. ágúst.

Skaftafell

Í Skaftafelli hefur verið boðið uppá fræðslugöngur og barnastundir í fjölda ára og hafa verið vel sóttar af gestum.

Barnastundir eru fyrir alla krakka á aldrinum 6-12 ára. Þar er þeim boðið að fara með landverði í náttúruskoðun og leiki. Það er alltaf jafn skemmtilegt að kynna fyrir börnunum hin ýmsu fyrirbrigði sem finnast í náttúrunni.

Í Vatnajökulsþjóðgarði blasa við margs konar ummerki jöklabreytinga sem einnig koma fram víða á jörðinni sökum hlýnunar loftslags af mannavöldum. Gangan Hörfandi Jöklar hefur skipað sér fastan sess undanfarin ár í Skaftafelli en þar gengur landvörður með gesti að Skaftafellsjökl. Nokkur stöpp eru tekin á leiðinni og verða áhrif loftslagsbreytinga og mannsins á umhverfið til umræðu.

Einnig verður boðið uppá síðdegisgöngu í Skaftafelli



Jökulsárlón

og fjallar hún um sambúð manns og náttúru þar sem menningarminjar í Skaftafelli eru skoðaðar. Nábyli við stórbrotna og fjölbreytta náttúru mótar mannlíf og menningu á margvíslegan hátt. Snemma á öldum var staðurinn kirkjújörð og síðar konungsjörð. Bæjarhúsin stóðu fyrrum niðri á sléttlendinu við brekkurætur Gömlutúna en vegna ágangs Skeiðarár fóru tún smám saman undir sand og á árunum 1830-1850 var búsetan flutt um 100 metrum hærra upp í brekkuna.

Fræðslutorgið fyrir framan Skaftafellsstofu var opnað á síðasta ári. Á torginu er lögð áhersla á góða upplýsingagjöf um svæðið ásamt því að fræða um hið einstaka samspil mannvistar og náttúru í Skaftafelli og áhrif loftslagsbreytinga á mannlíf og umhverfi. Landvörður verður á fræðslutorginu flesta daga í sumar og veitir gestum og gangandi fræðslu og upplýsingagjöf.

Um Verslunarmannahelgina verður einnig fjölbreytt dagskrá í Skaftafelli. Sem dæmi má nefna ratleik fyrir alla fjölskylduna og landvarðaleika, að ógleymdri brennu þann 31. júlí þar sem hægt verður að þenja raddböndin.

Jökulsárlón

Á Jökulsárlóni hefur verið boðið uppá fræðslugöngu að sumri síðastliðin 2 ár. Gangan ber heitið Bláa Gullið og fjallar um sérstöðu Breiðamerkursands

og Jökulsárlóns. Rætt er um mikilvægi vatns í sínum mörgu myndum og lífríkið og plöntur sem gera sér nærumhverfi Jökulsárlóns að heimili. Einnig er talað um samspil fólks og náttúrunnar og hvernig Breiðamerkursandur hefur farið frá því að vera með fáfarnari stöðum landsins í einn vinsælasta áningarstað ferðafólks.

Við bjóðum öll velkomin í Vatnajökulsþjóðgarð í sumar. Við hlökkum til að fá ykkur með í fræðslugöngur og barnastundir! Hægt er að finna nánari upplýsingar um fræðsludagskrána inni á heimasíðu þjóðgarðsins. Þar eru einnig upplýsingar um ýmsar sérgöngur og aðra viðburði. Hlökkum til að sjá ykkur!

Fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs.

Landverðir
www.vjþ.is



Fræðsluganga í Skaftafelli



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Bókhalds- og innheimtufulltrúi í ráðhúsi

Fjármála- og stjórnsýslusvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir laust til umsóknar starf bókhalds- og innheimtufulltrúa. Starfið felst í reikningagerð, álagningu fasteignagjalda, umsjón með innheimtu krafna, uppgjöri sjóða, afstemmingum og öðrum almennum bókhaldsstörfum. Starfshlutfall er 100% og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf í ágúst.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhalds- og innheimtustörfum, starfsréttindi sem viðurkenndur bókarari er kostur.
- Þekking og reynsla af Navision eða sambærilegu bókhaldskerfi.
- Góð almenn tölvukunnátta og færni í Excel.
- Skipulagsfærni, samviskusemi og nákvæmni.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum viðeigandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk. Umsóknir sendist rafrænt á netfangið olof@hornafjordur.is. Frekari upplýsingar um starfið veitir Ólöf I. Björnsdóttir fjármálastjóri í síma 470-8018 eða á olof@hornafjordur.is.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 470-8000 / www.hornafjordur.is

FRÁ FERÐAFÉLAGINU



Vinnuferð í Kollumúla laugardaginn 18. júní.

Lagt verður af stað að morgni laugardagsins 18. júní. Komið til baka að kvöldi 19. júní. Gist eina nótt. Verkefnin eru hefðbundin s.s. þrif á skála, tengja vatn og laga girðingu ásamt ýmsu öðru. Nánari upplýsingar og skráning er hjá Möggu í síma 868-7624, einnig er gott að senda sms eða einkaskilaboð á facebook. Þátttakendur skrái sig fyrir fimmtudagskvöld 16. júní.

Einnig viljum við minna á.

Gönguvikan ekki lúra of lengi: dagana 23. til 27. júní
23. júní. Hvaldalur/Hvalnes í Lóni, 1 skór
24. júní, Jónsmessa. Hamrarnir í Örafum, 1 skór
25. júní. Kjós í Örafum 3 skór
26. júní. Gengið fyrir Horn. 2 skór

Verið velkomin og hlökkum til að sjá ykkur.

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á eystrahorn@eystrahorn.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlarent
ISSN 1670-4126



HUMARHÁTÍÐARHLAUP HLAUPIÐ FYRIR HORN



Fimmtudaginn 23. júní
10 km utanvegahlaup
Byrjar við Papós
Endar við Horn
Verð: 1000 kr

Skráning á facebook á event /viðburði
Hlaupið fyrir Horn Humarhátíð 2022

Skráning á facebook
eða senda okkur
tölvupóst

Tæplega 10 km utanvegahlaup og um 260 m heildarhækkun.

Hlauparar safnast saman við kaffihúsið á Horni.

Sameinast í bíla við sundlaugina 16:40 og lagt af stað frá Horni kl. 17.00
Ræs kl. 17.20 frá Papósi.

Upplýsingar: Helga Árna, gsm 888 5979

Netfang: hlaupahopurhornafjardar@gmail.com.



Þú finnur hina fullkomnu gjöf hjá okkur.

Þægileg skartgripaskrín í ferðalagið til í mörgum stærðum og mörgum útfærslum



Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

S: 478-2535 / 898-3664
Opið virka daga kl. 13-18



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

20., 21. og 22. júní.

Tímappantannir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 16. júní.

Næsta skoðun 11., 12. og 13. júlí.

Frumherji

þegar vel er skoðað

Sigurjón ráðinn bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Sigurjón Andrússon ráðgjafi hjá Góðum samskiptum og verkefnastjóri hjá Sveitarfélaginu Ölfusi hefur verið ráðinn bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar, samþykkti í dag ráðningu Sigurjóns Andrússonar og mun hann hefja störf 1. júlí nk. Sigurjón er 52 ára og búsettur í Hvítholti í Flóahreppi. Hann hefur undanfarið starfað sem ráðgjafi hjá Góðum samskiptum í Reykjavík ásamt því að vera verkefnastjóri flóttamanna hjá Sveitarfélaginu Ölfusi. Sigurjón situr í sveitarstjórn Flóahrepps en mun segja sig frá þeim störfum í kjölfar ráðningarinnar. Sigurjón starfaði lengi vel sem stjórnandi hjá tryggingafélaginu Sjóvá, lengst af við kynningar- og markaðsmál ásamt öryggis- og forvarnamálum. Þá var hann framkvæmdastjóri markaðsmála hjá BL bílaumboði.

Sigurjón er iðnmenntaður í grunninn með diploma í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands, alþjóðlega gráðu í verkefnastjórnun

frá Bandaríkjunum og meistaragráðu í viðskiptafræði (MBA) frá Háskólanum í Reykjavík.

Sigurjón býr sem stendur ásamt fjölskyldu sinni í Hvítholti í Flóahreppi, rétt austan við Selfoss. Hann er giftur Margréti Söru Guðjónsdóttur kennara við Menntaskólann í Reykjavík og eiga þau tvær dætur, 22 og 24 ára.

Sigurjón segist vera geysilega spenntur fyrir nýjum áskorunum. “Það er mikill metnaður í því fólki sem ég hef þegar hitt og veit að það eru mikil tækifæri fram undan hjá sveitarfélaginu. Ég hlakka til að flytja austur og kynnast samfélaginu betur og mun leggja mig allan fram í mínum störfum fyrir sveitarfélagið.”

Það er okkur mikil ánægja að fá Sigurjón til liðs við okkur, þar fer vandaður einstaklingur sem skilur lítið samfélag eins og okkar. Hann kemur að borðinu með mikla þekkingu og kraft sem verða mun ein af forsendum þess að sá vilji sem birtist í nýafstöðnum kosningum



Eyrun Friða Árnadóttir formaður bæjarráðs og Sigurjón Andrússon við undirritun ráðningasamnings hans

nái fram að ganga. Við bjóðum Sigurjón velkominn til starfa

og hlökkum til samstarfsins við hann. *Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar*

Fræðsludagskrá landvarða


Landverðir bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í þjóðgarðinum í sumar. Fræðslugöngur, viðburðir og barnastundir. Skannið QR kóðann til að skoða dagskrána.

Velkomin öll í Vatnajökulsþjóðgarð



HUMARHÁTÍÐ

23. júní – 26. júní 2022



Hlaupið fyrir Horn

Tónleikar með KK

Pylsupartý í boði Húsasmiðjunnar

Humarsúpa um allan bæ í boði
Skinneyjar – Þinganes

Hoppukastalar

Sápufótbolti

Tónleikar með hornfrskum
listamönnum

Trúbadorarnir Bjarki og Gunní
Golfmót Skinneyjar – Þinganes

Hornafjarðarmanni

Kassabílarallý Landsbankans

Streetball

Bryggjujóga

Humarleikar Fenris Crossft

Dansleikur með Parket

og margt fleira